

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Jaðarsvallar.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 17. mars 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Jaðarsvöll.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur nr. 1 við vélageymslu og byggingarreitur nr. 2 fyrir yfirbyggt æfingasvæði færast til. Stærðir haldast óbreyttar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 18. mars 2015,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 1. apríl 2015